

# Gjaldskrá

## Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu 2018

#### 1. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. setja gjaldskrá að fenginni tillögu stjórnar byggðasamlagsins fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs og annast innheimtu gjaldanna innan síns sveitarfélags.

#### 2. gr.

Íbúðarhúsum, frístundahúsum, fyrirtækjum, lögaðilum og öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst skipar viðkomandi sveitarfélag í flokk eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Íbúðarhús	Frístundahús	Lögbýli***	Atvinnuhúsnaði
Grunngjald kr.*	20.591,-	20.591,-	8.831,-	20.591,-
Íláttagjald kr.**	22.571,-			
Samtals kr.	43.162,-	20.591,-	8.831,-	20.591,-

Gjald fyrir heimsendan gám kr. 15.000,-

\* Grunngjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámastöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

\*\*Íláttagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

\*\*\*Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og samþykkt af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins. Gjaldskráin er sett í samræmi við 10. gr. samþykta byggðasamlagsins og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1316/2016.

Hvolsvelli, 7. desember 2017

F.h. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

  
Ágúst Ingi Ólafsson



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.  
b/t Ágúst Ingi Ólafsson  
Þrúðvangi 18  
850 HELLA**

Selfossi, 8. desember 2017  
1712029HS SG

**Efni: Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur mótttekið tölvupóst þann 7. desember sl. frá Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., ásamt fylgigögnum þar sem óskað er eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurlands á gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í sveitarfélögunum sem að byggðasamlaginu standa, þ.e. Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi.

Eftirfarandi umsögn er veitt skv. 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (ath br. á númeri greinar skv. lagabreytingu 2017), með fyrirvara um staðfestingu á afgreiðslunni á fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 15. desember nk.:

Fyrirliggjandi gjaldskrá fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er án athugasemda og jákvæð umsögn veitt, með þeim fyrirvara að tekið verði tillit til ofangreindrar lagabreytingar í texta gjaldskrárinnar, þ.e. vísað í tölusetta **59. gr. laganna í stað 25.** greinar sem breyttist með lögunum þann 1. júní sl.

Einnig þarf númer gjaldskrár sem fellur úr gildi að koma fram í texta (1316/2016).

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri